



Lög Akstursíþróttasambands Íslands



1. grein

Nafn sambandsins er Akstursíþróttasamband Íslands, skammstafað AKÍS.

AKÍS er æðsti aðili um öll mál akstursíþróttá á Íslandi, eins og þær eru skilgreindar af Federation Internationale de L'Automobile (FIA), innan vébanda Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ).

Aðsetur sambandsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

AKÍS er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga og eiga öll þau félög innan þeirra er iðka og keppa í akstursíþróttum rétt á aðild að sambandinu.

Með aðild að AKÍS skuldbinda aðildarfélögin sig til að virða lög og reglur sambandsins, lög ÍSÍ, ásamt reglum FIA og International Sporting Code.

3. grein

Tilgangur sambandsins er að hafa yfirstjórn á málefnum akstursíþróttá á Íslandi og koma á sem víðtækustum samtökum akstursíþróttamanna og annarra félaga eða klúbba sem láta sig varða ökutæki, akstur og umferð, gæta hagsmunu þeirra og bæta aðstöðu þeirra til að ná markmiðum sínum. Tilgangi sínum hyggst sambandið ná með því að:

1. vinna að nauðsynlegum endurbótum á umferðarlögum, til að gera félögum sínum kleift að halda löglegar aksturskeppnir;
2. stuðla að auknum skilningi á málefnum sambandsins útávið;
3. stuðla að góðri samvinnu félaga sinna;
4. beita sér fyrir því að sambandsfélögin virði lög og reglur um akstursíþróttir og stuðla að því, að öryggis sé gætt í hvívetna við akstursíþróttakeppnir;
5. stofna til landsmóta til kynningar milli félaga;
6. gefa út reglur um keppnir, öryggiskröfur, og sjá um útgáfu keppnisskírteina;
7. hafa yfirumsjón með framkvæmd keppna samkvæmt reglum sambandsins;
8. stuðla að gerð og útgáfu ýmissa rita og annars fjölniðlaefnis, þar á meðal sjónvarpsefnis og myndbanda, er varða ökutæki, umferðar- og öryggismál, akstursíþróttir og annað sem verða má samtökunum í heild og félögum þeirra til framdráttar;
9. vera fulltrúi félaga innan vébanda sinna gagnvart hinu opinbera;
10. leitast við að jafna ágreining, er upp kann að koma á milli aðila. AKÍS skal þó ekki hafa þar úrskurðarvald nema báðir eða allir aðilar óski þess;
11. fara með aðild Íslands að alþjóðasamtökum akstursfélaga, Federation Internationale de L'Automobile (FIA), að Norðurlandasamstarfi akstursíþróttafélaga, sem og að öðru alþjóðlegu eða fjölbjóðlegu samstarfi á vettvangi aðildarfélaga sambandsins;
12. vera aðili akstursíþróttafélaganna í Umferðarfagráði og öðrum samtökum;
13. ná sem víðtækustu samstarfi við önnur félög og samtök sem varðar meðferð og notkun ökutækja, akstursíþróttir, umferðar- og öryggismál, umhverfismál og önnur hagsmunamál sambandsins.



4. grein

Málefnum AKÍS er stjórnað af:

1. árspingi AKÍS;
2. stjórn AKÍS.

5. grein

Reikningsár AKÍS er almanaksárið.

Sambandið skal fjármagnað með umsagnargjöldum, gjöldum af keppnisskírteinum, útgáfustarfsemi, framlagi ríkisins og tekjum af annarri þeirri starfsemi sem stjórn ákveður og fellur að markmiðum sambandsins.

Stjórn AKÍS ákveður gjaldskrá.

AKÍS og aðildarfélög þess eru eigendur alls réttar sem tengist mótaðaldi AKÍS og/eða öðrum viðburðum skipulögðum af AKÍS. Þessi réttur nær meðal annars til hvers kyns fjárhagslegra réttinda, upptöku- og útsendingaréttinda af öllu tagi, (til dæmis í sjónvarpi, útvarpi, á internetinu og í síma), markaðsréttinda, kynninga og höfundarréttar.

Stjórn AKÍS skal setja nauðsynlegar reglur um nýtingu þessara réttinda.

Ekkert félag hefur tilkall til hluta af sjóðum sambandsins, þótt það hverfi úr sambandinu eða því verði slitið. Félög innan sambandsins bera enga ábyrgð á skuldbindingum þess með öðru en gjöldum sínum til sambandsins.

6. grein

Ársþing AKÍS fer með æðsta vald í málefnum sambandsins og skal það haldið fyrir 1. apríl ár hvert. Þingið sitja fulltrúar frá þeim íþróttabandalögum, héraðssamböndum og félögum sem mynda sambandið.

Fulltrúafjöldi hvers félags fer eftir tölu útgefinna keppnisskírteina síðasta heila keppnistímabilis sem hér segir:

1 til og með 25:	Einn fulltrúi
26 til og með 50:	Tveir fulltrúar
51 til og með 100:	Þrír fulltrúar
101 og fleiri:	Fjórir fulltrúar

Ársþing skal boðað með auglýsingu og eða tilkynningu með eigi minna en eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð skal senda aðildarfélögum AKÍS.

Málefni sem aðildarfélög óska að tekin verði fyrir á þinginu skulu berast stjórn AKÍS minnst 3 vikum fyrir þing. Þetta á einnig við um framboð til formanns og stjórnar AKÍS. Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þingið skal senda aðildarfélögum skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið. Þingið getur þó tekið fyrir mál, borin upp með styttri fyrirvara, að fengnu samþykki 2/3 hluta þingfulltrúa.



Ársþing er lögmætt ef löglega hefur verið til þess boðað.

7. grein

Á ársþingi hafa fulltrúar þeirra aðildarfélaga sem eru skuldaus við AKÍS fjórum vikum fyrir ársþing einir atkvæðisrétt, en rétt til setu á þinginu, með málfrelsi og tillögurétt hafa allir eftirfarandi þingfulltrúar:

1. stjórn AKÍS;
2. heiðursformaður og heiðursfélagar;
3. framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri ÍSÍ;
4. héraðssambönd og íþróttabandalög samkvæmt 2. grein;
5. fastráðir starfsmenn AKÍS;
6. allir nefndarmenn AKÍS;
7. fulltrúi frá Flugbjörgunarsveitinni á Hellu og Brautinni, Bindindisfélagi Ökumanna.

Auk þess getur stjórn AKÍS boðið öðrum aðilum þingsetu telji hún ástæðu til.

Allir fulltrúar skulu tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi aðildarfélagi og skal skila kjörbréfum við upphaf þinghalds. Hver fulltrúi fer með eitt atkvæði.

Við afgreiðslu almennra mála og í kosningum, ræður einfaldur meirihluti atkvæða viðstaddir atkvæðisbærra fulltrúa, en til lagabreytinga þarf 2/3 hluta sömu fulltrúa.

8. grein

Dagskrá ársþings skal vera eftirfarandi:

1. Þingsetning
2. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar
3. Kosning þingforseta
4. Kosning þingritara
5. Ávarp gesta
6. Skýrsla stjórnar lögð fram og kynnt
7. Reikningar AKÍS skoðaðir af skoðunarmönnum lagðir fram og kynntir
8. Álit kjörbréfanefndar
9. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
10. Samþykkt reikninga
11. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram, rædd og samþykkt
12. Lagabreytingatillögur
13. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði
14. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið og þingmeirihluti leyfir.
15. Umræður og atkvæðagreiðsla um lagabreytingatillögur og framkomin mál
16. Kosningar:
 - a. Stjórn, samanber 12. grein
 - b. Tveir skoðunarmenn reikninga
 - c. Fulltrúa á Íþróttapring ÍSÍ



- d. Áfrýjunardómstóll
17. Önnur mál
18. Þingslit

Þingforseti skal ákveða fyrirkomulag kosninga, þó skal kosning vera skrifleg sé þess óskað.

9. grein

Aukaþing má halda er nauðsyn krefur eða helmingur akstursíþróttafélaga sem mynda AKÍS óskar þess. Allir boðunar- og tilkynningarfrestir til aukaþings mega vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er láttinn, veikur eða forfallaður á annan hátt.

Á aukaþingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihlutí kjörinnar stjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf.

Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt ársþing.

10. grein

Formannafundur skal haldinn að loknu keppnistímabili þó ekki seinna en í nóvember. Til fundarins skal boða með sama hætti og til ársþings, en rétt til setu eiga stjórn AKÍS, formenn aðildarfélaga og keppnisráða. Stjórn er heimilt að bjóða gestum til fundarins. Boðunar- og tilkynningarfrestir til formannafundar mega þó vera helmingi styttri en til ársþings. Formannafundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Á dagskrá formannafundar skal í það minnsta vera:

1. skýrla stjórnar;
2. skýrslur keppnisráða;
3. staðfesting Íslandsmeistara hvers árs;
4. staðfesting keppnisdagatals næsta árs;
5. umræður um afreksstefnu AKÍS;
6. önnur mál.

Fundarstaður og dagsetning fundar skal ákveðin á ársþingi.

11. grein

Óheimilt er að velja einstaklinga sem vitað er til að hafi hlotið refsídóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 til starfa innan íþróttahreyfingarinnar. Þetta gildir bæði um þá einstaklinga sem starfa sem sjálfboðaliðar og launþegar.

12. grein

Stjórn AKÍS skal skipuð sjö aðalmönnum og þremur varamönnum og fer kosning þannig fram:

1. Formaður kosinn til eins árs í senn. Séu tilnefndir fleiri en einn skal kjósa skriflega og leyнilega um þá. Hlýtur sá kosningu, sem flest atkvæði fær. Falli atkvæði tveggja efstu



manna jafnt, skal kjósa á ný leynilegri kosningu milli tveggja þeirra frambjóðenda sem flest atkvæði fengu. Falli atkvæði enn jafnt, skal hlutkesti ráða og skal þingforseti annast hlutkestið.

2. Þrír meðstjórnendur kosnir til tveggja ára.
3. Þrír varamenn kosnir til eins árs.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og skal skipað í embætti varaformanns, gjaldkera og ritara á fyrsta stjórnarfundi eftir ársþing.

Stjórn AKÍS skal funda reglulega og halda fundargerðir. Stjórn skal gæta þess að halda sem bestu og virkstu sambandi við aðildarfélögin.

Forfallist stjórnarmaður eða hættir störfum í stjórninni tekur varamaður hans stað.

13. grein

Innan AKÍS skulu starfa keppnisráð fyrir hverja akstursíþróttagrein.

Hvert aðildarfélag sem hefur haldið að minnsta kosti eina keppni í viðkomandi grein síðastliðin tvö ár eða er með keppni skráða á yfirstandandi keppnisári skipar fulltrúa í keppnisráð hverrar greinar. Stjórn AKÍS tilnefnir einn fulltrúa í hvert ráð.

Ráðin skipa sjálf þá fulltrúa sem sjá um erlent samstarf í hverri grein.

Nánar skal hlutverk keppnisráða skilgreint í reglugerð.

14. grein

Stjórn er heimilt að skipa nefndir, þar með taldar dómnefndir, til að sinna ákveðnum málefnum og skal hlutverk þeirra skilgreint með skipunarbréfi.

15. grein

Dómstóll AKÍS samanstendur af dómnefndum og áfrýjunardómsstól AKÍS.

Dómstóll AKÍS hefur fullnaðarlögsögu yfir þeim ágreiningsmálum sem koma upp innan vébanda Akstursíþróttasambands Íslands og varða lög og reglugerðir AKÍS.

Dómstóll AKÍS skal lúta þessum lögum og reglugerðum og skulu öll ágreiningsmál gagnvart aðildarfélögum AKÍS, forráðamönnum félaganna, keppendum og starfsmönnum og öðrum þeim sem eru innan vébanda félaganna, úrskurðuð af dómnefndum með möguleika á afrýjun til áfrýjunardómsstóls AKÍS.

Ágreiningsmál aðila innan vébanda AKÍS gagnvart aðila innan vébanda erlends akstursíþróttasambands skal fara með samkvæmt reglum FIA og hefur FIA lögsögu í slíkum málum. Ákvarðanir FIA í slíkum málum eru endanlegar og bindandi fyrir alla aðila.

16. grein

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir á milli aðalfunda og kemur fram fyrir hönd sambandsins.



Formaður boðar til stjórnarfunda, er þörf krefur eða tveir eða fleiri stjórnarmenn óska þess. Stjórn er heimilt að ákveða að varastjórnarmenn megi sitja stjórnarfundi með málfrensi og tillögurétt. Stjórn er einnig heimilt að ákveða að formenn nefnda geti setið stjórnarfund eða hluta funda með málfrensi og skal það ákveðið fyrir hvern fund. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum, en þegar atkvæði falla jafnt ræður atkvæði formanns. Stjórnarfundur telst löglegur mæti að minnsta kosti fjórir stjórnarmenn til hans. Þó er ályktun því aðeins lögleg, að þrír stjórnarmenn hið fæsta samþykki hana.

Helstu störf stjórnar AKÍS eru að:

1. framkvæma ályktanir og samþykktir þinga sambandsins;
2. annast rekstur sambandsins;
3. vinna að eflingu akstursíþrótta;
4. halda utan um þær greinareglur sem keppnisráð hafa samið
5. semja og halda utan um almennar reglur og reglugerðir;
6. sjá um að farið sé eftir viðurkenndum reglum, lögum sambandsins og fyrirmælum ársþinga;
7. ákveða stund og stað fyrir ársþing og annast boðun þess;
8. senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar;
9. koma fram erlendis fyrir hönd bifreiðaíþrótta á Íslandi.

Stjórn AKÍS er heimilt að ráða launað starfsfólk.

17. grein

Innan AKÍS starfar öryggisnefnd sem er ráðgefandi um öll öryggismál innan sambandsins. Stjórn AKÍS skipar formann og að lágmarki two aðra í nefndina eftir hvert ársþing.

Hlutverk öryggisnefndar skal skilgreint í reglugerð.

18. grein

Lagabreytingar má aðeins gera á ársþingi, enda hafi þeirra verið getið í fundarboði og ná þær því aðeins fram að ganga, að 2/3 hlutar mættra fulltrúa séu þeim samþykkir. Tillögur um lagabreytingar skal senda stjórn AKÍS (samanber 6. grein) fyrir ársþing og allar tillögur um lagabreytingar, sem stjórninni hafa borist, skal senda með seinna fundarboði til aðildarfélaga.

19. grein

Stjórn og starfsmenn AKÍS skulu hafa frjálsan aðgang að öllum íþróttaviðburðum sem fara fram innan vébanda sambandsins.

20. grein

Aðildarfélög skulu tilkynna stjórn AKÍS um aðalfundi sína með að minnsta kosti viku fyrirvara og skal einn fulltrúi sambandsins eiga rétt á fundarsetu með málfrensi.

Í kjölfar aðalfundar aðildarfélags skal það senda tilkynningu til stjórnar AKÍS með upplýsingum um stjórnarmenn, í síðasta lagi tveimur vikum eftir aðalfund þess.



21. grein

Félagaskipti eru opin, en farið er eftir keppnisreglum AKÍS og Móta- og keppendareglum ÍSÍ.

22. grein

Heiðursfélaga AKÍS má kjósa á þingi sambandins. Heiðursfélagar AKÍS hafa rétt til setu á þingum sambandsins með málfrelsi og tillögurétt.

23. grein

Heiðursformann AKÍS má kjósa á þingi sambandsins, ef 4/5 mættra þingfulltrúa samþykkja kjörið.

Heiðursformaður AKÍS kemur fram fyrir hönd sambandsins, þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela honum það.

24. grein

Tillögur um að leggja AKÍS niður, má aðeins taka fyrir á lögmætu ársþingi. Til þess að samþykkja slíka tillögu þarf minnst 3/4 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum aðildarfélögum grein fyrir henni í þinggerðinni og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulega þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja AKÍS niður.

Sé AKÍS þannig löglega slitið, skal afhenda ÍSÍ eignir þess til varðveislu.

Lög þessi öðlast þegar gildi.